

## Umsögn

### um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélagi á Íslandi til ársins 2025.

Frá atvinnuveganefnd.

Atvinnuveganefnd hefur, að beiðni allsherjar- og menntamálanefndar frá 26. október 2023, fjallað um 234. mál, tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélagi á Íslandi til ársins 2025, sbr. 3. mgr. 23. gr. starfsreglna fastanefnda Alþingis.

Nefndin afmarkaði umfjöllun sína við þann hluta tillögunnar sem snýr að málefnasviði nefndarinnar, þ.e. meginmarkmið og aðgerðir í nýsköpun og hugverkaiðnaði (meginsvið 2).

Nefndin telur mikilvægt að tillagan nái fram að ganga en leggur áherslu á að eftirfarandi atriði verði ávörpuð sérstaklega.

#### *Áherslur í nýsköpun.*

Nefndin telur mikilvægt að farið verði í aðgerðir til þess að auka hlut kvenna í nýsköpun og að í því sambandi verði horft sérstaklega til tækifæra þeirra til að sækja sér fjármagn fyrir verkefnum.

Þá telur nefndin rétt að ef takmarka á endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar þurfi að tryggja aðgengi smærri og yngri frumkvöðlafyrirtækja að endurgreiðslum.

Nefndin telur mikilvægt að áherslur ríkisins í nýsköpun verði víðtækari á þeim sviðum sem ríkið starfar á, ekki verði eingöngu horft til heilbrigðisþjónustu, þótt tækifæri þar séu fjölmörg, heldur verði horft til starfsemi allra ríkisstofnana og fyrirtækja.

Ísland er í kjörstöðu þegar kemur að nýsköpun tengdri loftslagsmálum. Ísland á að verða miðstöð nýsköpunar á heimsvísu á því sviði, t.d. með því að nýta áratugareynslu í gegnum verkefni eins og GRÓ – þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu, sem meðal annars starfrækir GTP, Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna.

Þá leggur nefndin áherslu á að hugvit og nýsköpun verði eflað þvert á samfélagið. Hugvit og nýsköpun þurfa að eiga ríkari sess víðar en á tæknisviði, svo sem á sviði hönnunar.

#### *Alþjóðlegt samstarf.*

Liðka þarf möguleika erlendra frumkvöðla til að koma til landsins og setja á stofn nýsköpunarfyrirtæki. Að mati nefndarinnar er núverandi löggjöf of þröngsýn hvað varðar tækifæri einstaklinga sem eru af erlendu bergi brotnir til að setja á stofn fyrirtæki hér á landi, einblínt hefur verið um of á sérfræðinga sem koma til landsins til að starfa hjá fyrirtækjum sem þegar starfa. Heildstæðari sýn skortir í málaflokknum svo Ísland verði aðlaðandi kostur fyrir nýsköpunarsamfélagið í heild.

Mikilvægt er að víkka sjónarhorn þegar kemur að alþjóðlegu samstarfi. Er það mat nefndarinnar að horfa verði auknum mæli í samstarfs innan Norðurlanda og samstarfs við Bandaríkin, auk þess að efla það samstarf sem fyrir er við ríki ESB.

### *Menntun og búseta.*

Auka þarf aðgengi að fjarnámi á háskólastigi stórlega svo tækifæri til framhaldsmenntunar séu í raun óháð búsetu. Styrkja þarf þekkingarsamfélagið um allt land með aukinni áherslu á grunnatvinnustöðir landsins, landbúnað, sjávarútveg og nýsköpun. Þá þarf að stórauka framboð af störfum án staðsetningar. Framboð af námi í áðurnefndum atvinnugreinum þarf að vera til staðar í nærumhverfi, hvort sem er í stað- eða fjarnámi og sömuleiðis aðgengi að störfum í samræmi við menntun fólks.

Tryggja þarf grunnfjármagn í sóknaráætlanir og til atvinnuráðgjafa. Að mati nefndarinnar eru atvinnuráðgjafar hvað best til þess fallnir að aðstoða við styrkumsóknir og nýsköpun óháð búsetu. Efla þarf slíkar miðstöðvar um allt land og færa þekkinguna í heimabyggð.

Svo unnt sé að raungera marga þá þætti sem lagðir eru til í þingsályktunartillögunni er ljóst að trygg fjarskipti skipta höfuðmáli, ekki síst þegar kemur að landsbyggðinni. Fjarnám og störf án staðsetningar eru háð því að ljósleiðarasamband sé sem víðast og tryggt farsímasamband náist sem víðast á landinu.

Nefndin leggur til að þingsályktunartillagan verði samþykkt að viðbættum þeim áherslum sem að framan greinir.

Alþingi, 30. nóvember 2023.  
Þórarinn Ingi Pétursson, form.  
Ásmundur Friðriksson.  
Berglind Harpa Svavarsdóttir.  
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.  
Gísli Rafn Ólafsson.  
Hanna Katrín Friðriksson.  
Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir.  
Tómas A. Tómasson.  
Óli Björn Káráson.